

Reykjavík, 24. mars 2015

Formaður verkefnahóps um námstíma  
Ársæll Guðmundsson  
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um lokagerð aðgerðaáætlunar um námstíma, dagsett 11. mars 2015.**

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi verkefnastjórnar menntamálaráðuneytis um lokagerð aðgerðaáætlunar um námstíma.

Eins og áður byggja markmið og tillögur verkefnahópsins á þremur af þeim fjórum stöðum sem hópurinn gekk út frá í starfi sínu: innviðir framhaldsskólans, brotthvarf nemenda og samfélagslegir þættir.

Kí telur nokkur atriði hafa skýrst frá fyrstu drögum. Engu að síður eru í þessari umsögn Kí reifuð svipuð efnisatriði og í þeirri fyrri því áætlunin tekur til margra þátta, almennra og sértækra.

Kí telur veikleika aðgerðaáætlunar um námstíma liggja meðal annars í því að greina ekki námsframvindu nemenda eftir stúdentsnámsbrautum, starfsnámi og námi á almennum brautum, mismunandi framvindu og einkenni<sup>1</sup>, og að fjalla ekki um fjórðu stöðina, endurskipulagningu námstíma, með tilvísun til þess að þriggja ára nám til stúdentsprófs hefjist nánast í öllum framhaldsskólum næsta haust.

Kí gagnrýnir þessa framsetningu og að endurskipulagningu námstíma er skilin eftir. Þó að framhaldsskólar skipuleggi námsáfangar og námsbrautir þá er engu að síður mikilvægt að fjalla um breytingar á námstíma og hvað þær fela í sér fyrir nemendur, nám þeirra og námsskipulag. Menntamálaráðherra hefur ýmist lýst einhliða ákvörðun sinni um breytingar sem þriggja ára námstíma til stúdentsprófs eða þriggja ára námi til stúdentsprófs, sem felur í sér mjög ólíka nálgun. Á þeim fundum sem haldnir hafa verið í samráðshópnum hafa ekki komið skýr svör um hvort að skólar hafi sjálfstæði og svigrúm til að skilgreina nám til stúdentsprófs á þriðja hæfniprepi á bilinu 200 til 240 f-einingar eins og aðalnámskrá framhaldsskóla heimilar, eða hvort að miðstýring ráði nú ákvörðunum um námsskipulag framhaldsskólans. Þetta er mjög slæmt fyrir starf í framhaldsskólum og kemur í veg fyrir að innleiðing aðalnámskrár gangi greiðlega fyrir sig.

Kí hefur aldrei talið lengd námstíma í framhaldsskólum vera aðalatriðið heldur lagt ríka áherslu á að námsframvinda þurfi að taka mið af þörfum ólíkra einstaklinga. Kí telur það ekki vera rétta nálgun að binda markmið um „fleiri námslok á tilsettum tíma“ við tiltekinn aldur. Áhersla Kí er að nemendum bjóðist fjölbreytt nám við hæfi sem veiti tryggn undirbúning fyrir áframhaldandi nám og störf á vinnumarkaði, hér á landi og erlendis. Kí varar við því að minnka hæfnikröfur til menntunar, hvort sem það er nám til stúdentsprófs, starfsmenntun eða annað framhaldsskólanám. Kí leggur ríka áherslu á að skólum verði gert kleift að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemendahópa til að fleiri nemendur ljúki skilgreindum námslokum í framhaldsskóla.

<sup>1</sup> Sjá t.d. hvítbók, bls. 18-22.

KÍ telur mjög mikilvægt að auka skuldbindingu nemenda í námi, en lítil skuldbinding margra nemenda við nám sitt og skólann tengist bæði samfélagslegum viðhorfum og takmörkuðum úrræðum skóla til að halda nemendum að námi. KÍ telur mjög brýnt að menntamálaráðuneytið ráðist í sérstakar aðgerðir í þeim tilgangi að breyta viðhorfum til náms og skóla. Stjórnvöld hafa hér afgerandi forystuhlutverki að gegna og þurfa að senda skýr skilaboð um nauðsyn viðhorfsbreytinga.

Tillögur verkefnahópsins um að styrkja innviði framhaldsskólans, minnka brotthvarf nemenda og samfélagslega þætti eru í heildina ágætari en þurfa að mati KÍ að fela í sér aðgerðir og áætlanir um skólaþróun. Lykilatriði í þessu sambandi er að skapa kennurum aðstæður í starfi til að vinna að þessum markmiðum og að veita kennurum markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun innan og utan skóla.

KÍ leggur áherslu á að tengja þætti í aðgerðaáætlun um námstíma sem snerta kennarastarfið og aðstæður kennara við starf fagraðs um símenntun og starfsþróun kennara, þar er nú unnið að stefnumótun um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar.

Aðgerðaáætlun um námstíma er viðamikil stefna menntamálaráðherra samkvæmt hvítbók og er ábyrgð og forystuhlutverk ráðherra og ráðuneytis afgerandi í framkvæmd aðgerða. Lykilatriði er að forgangsraða aðgerðum með skýrum hætti og tryggja skólum fjármuni og mannafla til að vinna að þeim.

Í sambandi við atriði sem verkefnahópurinn telur vert að skoða betur þá telur KÍ mjög brýnt að efla verklegar greinar og listgreinar í grunnskólum til að auka aðsókn grunnskólanemenda í starfsnám, verknám og tækninám á framhaldsskólastigi. KÍ telur einnig mjög brýnt að nemendur fái styrki vegna námsgagna, fæðis og ferða, það er mikilvæg aðgerð til að minnka brotthvarf úr námi.

KÍ telur nauðsynlegt að aðgerðaáætlanir um námstíma og starfsmenntun verði felldar saman í eina áætlun og þar fjallað skipulega annars vegar um atriði sem eru sameiginleg nemendum í grunnskólum og framhaldsskólum og atriði sem eiga einvörðungu við nemendur í framhaldsskólum og hins vegar um atriði sem eiga sérstaklega við um starfsmenntun.

KÍ er þeirrar skoðunar að aðgerðaáætlun um námstíma eða áætlanir um starfsmenntun og læsi geti ekki komið í staðinn fyrir áætlun um innleiðingu skólastarfsbreytinga samkvæmt námskrám skólastiganna sem svo mikil þörf er fyrir með myndarlegum stuðningi við skóla og kennara til að koma námskrám í framkvæmd.

KÍ áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaáætlun um námstíma og að fylgja umsögnum eftir. KÍ undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

## Umfjöllun um tillögur

### Fyrsti kafli. Markmið 1. Auka sveigjanleika milli skólastiga til að auðvelda flæði nemenda og skapa þeim meira hvetjandi námsumhverfi.

#### Tillaga 1a). Samræmd próf.

KÍ leggst ekki gegn því að samræmd könnunarpróf í 10. bekk verði þess í stað haldin í lok 9. bekkjar svo að meira svigrúm gefist fyrir skóla og kennara til að vinna með niðurstöður þeirra í námi nemenda.

Samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla er það grunnskólans að leggja mat á hvort nemandi í 9. bekk hafi lokið með fullnægjandi hætti námsmarkmiðum grunnskóla til að hefja fullt nám í framhaldsskóla eða til að stunda þar nám í stökum áföngum.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um grunnskóla 2007<sup>2</sup> segir eftirfarandi um 32. grein (leturbreytingar KÍ):

*„Tekin eru af öll tvímæli um að skólastjóri grunnskóla metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Bætt er við heimild um útskrift nemenda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið hafi nemandi lokið öllu námi í grunnskóla með tilskildum árangri. Nokkuð hefur borið á því að talið hefur verið nægjanlegt að nemendur ljúki samræmdum lokaprófum í grunnskóla í tilteknum námsgreinum og þá megi útskrifa nemendur úr grunnskóla. Samkvæmt þessari grein ber nemendum að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla áður en þeir útskrifast úr grunnskóla. Nemendur sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi geta þá eingöngu hafið nám í framhaldsskóla á þeim grunni að um það sé samkomulag við viðkomandi grunnskóla, í samráði við viðkomandi sveitarfélag, þar sem ljóst sé með hvaða hætti nemendur verði formlega útskrifaðir úr grunnskóla.“*

KÍ telur tillögu um að nota samræmd könnunarpróf í lok 9. bekkjar í íslensku, ensku og stærðfræði til að greina hvort nemandi ætti að eiga þess kost að fara beint úr 9. bekk í framhaldsskóla ekki vera í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla og markmiða aðalnámskrár grunnskóla um námsmat.

KÍ telur það tvímælalaust vera grunnskólans að leggja mat á hvort nemandi í 9. bekk hafi lokið öllu námi í grunnskóla með tilskildum árangri eins og lög um grunnskóla kveða á um.

#### Tillaga 1b). Nám á tveimur skólastigum samtímis.

KÍ tekur undir tillögu um að formgera samstarf grunnskóla og framhaldsskóla á þessu sviði því möguleiki nemenda til þessa getur ekki verið kominn undir áhuga og frumkvæði einstaklinga á einstökum svæðum. Mjög mikilvægt er að virkja ákvæði í lögum og námskrá grunnskóla sem kveða á um þennan möguleika nemenda.

KÍ bendir á að breyta þarf innritunarreglum í framhaldsskóla því núna hafa grunnskólanemendur sem vilja stunda nám í stökum áföngum í framhaldsskólum engan rétt til innritunar. Einnig þarf að koma því til leiðar að allir framhaldsskólar meti nám sem grunnskólanemendur taka í framhaldsskólum áður en grunnskólanámi er lokið.

<sup>2</sup> <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0319.html>

### **Tillaga 1c). Endurtekning námsefnis.**

Kí tekur heilshugar undir mikilvægi góðrar samfellu í námi milli skólastiga.

Kí bendir á að samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla er námi í framhaldsskóla skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig. Prepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Gengið er út frá því að nemendur hefji nám á fyrsta eða öðru þrepi í framhaldsskóla eftir því hvernig þeir uppfylla námsmarkmið grunnskólans. Ekki er hægt að komast hjá endurtekningu í námi í framhaldsskólum hjá þeim nemendum sem hafa ekki nægan undirbúning úr grunnskóla og hefja því nám á fyrsta þrepi. Einnig hafa háskólar gefið út aðgangsviðmið inn á einstakar námsbrautir sem lýsa undirbúningskröfum.

Kí telur mjög brýnt að menntamálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að koma á föstum samstarfsvettvangi grunnskóla og framhaldsskóla annars vegar og framhaldsskóla og háskóla hins vegar vegna samfellu í námi milli skólastiga. Rannsóknir Gerðar G. Óskarsdóttur gefa til kynna að samstarf og upplýsingamiðlun virðist vera lítil milli skólastiga og vitneskja skóla um starfið á stiginu á undan eða eftir oft af skornum skammti. Úr þessu má bæta með áður nefndum samstarfsvettvangi.

### **Annar kafli. Markmið 2. Auka skuldbindingu þeirra sem koma að skólastarfi en þó fyrst og fremst nemenda.**

#### **Tillaga 2a). Umsjón með nemendum.**

Kí telur mikla nauðsyn á að koma umsjón með nemendum í framhaldsskólum á fastari grunn en nú er. Samkvæmt lögum og námskrá framhaldsskóla hafa nemendur engan skilgreindan rétt til umsjónar og sú þjónusta sem skólar veita nemendum varðandi umsjón er mismunandi. Til að bæta úr þessu þarf að skilgreina rétt nemenda til umsjónar og að hafa umsjónarkennara. Einnig þarf að skapa kennurum aðstæður í starfi til að sinna umsjón með nemendum.

#### **Tillaga 2b). Kennsluhættir og námsmat.**

Forsenda þess að raunhæft sé að ætlast til þess að skólar og kennarar nái árangri á þessu sviði er markviss stuðningur við símenntun og starfsþróun kennara og tími fyrir ígrundun í starfi og til samstarfs, eftirfylgni og fjármunir til innleiðingar. Skapa þarf kennurum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum námskráa. Einnig þarf að vera fyrir hendi í skólum skipulagður stuðningur við nýja kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara.

Ákvæði um starfsþróunaráætlanir í skólasamningum hafa ekkert hald ef ofangreindur grunnur er ekki fyrir hendi.

Kí telur að háskólar sem mennta kennara þurfi að tengja starf sitt betur við vettvanginn í skólunum, miðla rannsóknum og aðferðum og sinna símenntun og starfsþróun kennara. Starfsþróun kennara þarf bæði að taka mið af þörfum skóla og einstaklinga, faglegri þróun og nýjungum, og kennarastéttin að vera þátttakandi í skipulagi eigin starfsþróunar.

Kí bendir á að verulega skortir á aðstöðu skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi. Menntamálaráðuneytið þarf að stórauka stuðning við skóla og kennara með þetta að markmiði, fjármuni og faglega ráðgjöf.

#### **Tillaga 2c). Félagslíf nemenda.**

Kí list vel á að skólar geri árlega félagsstarfsáætlun í samráði við nemendafélög og markmið með henni. Kí bendir á að nemendur í brotthvarfshættu eru venjulega ekki virkir í félagslífi skólanna.

#### **Tillaga 2d.) Forráðamenn.**

Kí telur mikilvægt að stefna og yfirlýsing ráðuneytis hafi þann tilgang að efla ábyrgð forráðamanna á námi barna sinna til 18 ára aldurs, vinnubrögðum, námsvenjum og skuldbindingu í námi. Ekki er nægjanlegt að gefa út stefnu og yfirlýsingu um þetta heldur þarf ráðuneytið að fylgja henni markvisst eftir og vinna að breytingum á viðhorfum til náms og skóla. Stjórnvöld hafa hér afgerandi forystuhlutverki að gegna og þurfa að senda skýr skilaboð um nauðsyn viðhorfsbreytinga.

#### **Tillaga 2e). Rafræn námsgögn.**

Kí leggur ríkt á um að stjórnvöld fylgi aðgerðum eftir með stóraukinni útgáfu vandaðra og fjölbreytilegra náms- og kennslugagna og aðgengi að þeim, bæði í hefðbundnu og rafrænu formi. Kí bendir á að notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.

Kí telur mjög brýnt að námsgögn, bæði í hefðbundnu formi og rafrænu, verði nemendum að kostnaðarlausu. Aðgerðir af þessu tagi eru mikilvægar til að minnka brotthvarf úr námi.

### **Þriðji kafli. Markmið 3. Minnka brotthvarf nemenda úr námi.**

#### **Tillaga 3a). Greining nemenda í brotthvarfshættu – skimun.**

Kí bendir á að fagfólk þarf að vera fyrir hendi í grunnskólum og framhaldsskólum til að greina og skima og skólarnir að hafa raunveruleg úrræði til að bregðast við niðurstöðum með stuðningi og ráðgjöf við nemendur í brotthvarfshættu.

Einnig þurfa upplýsingar um nemendur í grunnskóla sem eru í brotthvarfshættu að skila sér til framhaldsskóla og þær notaðar til að vinna gegn brotthvarfi nemenda.

Í grunnskólum og framhaldsskólum þarf að vera fyrir hendi markviss kennslufræðileg ráðgjöf fyrir kennara vegna kennslu nemenda í brotthvarfshættu og svigrúm í starfi til að sinna þeim.

#### **Tillaga 3b). Skipulögð vinna með nemendur í brotthvarfshættu.**

Kí telur nauðsynlegt að menntamálaráðuneytið hafi forgöngu um að setja markmið um að draga úr brotthvarfi og sérstaka aðgerðaáætlun um skipulega vinnu með nemendur í brotthvarfshættu, sem skólar útfæri hjá sér. Kí telur að aðgerðaáætlanir skóla þurfi að byggja á heildarstefnu stjórnvalda á þessu sviði sem vinna þarf að í samstarfi ríkis, grunnskóla, framhaldsskóla, sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar. Ísland er meðal þeirra landa í Evrópu sem ekki hafa sett sér heildarstefnu um aðgerðir til að draga úr brotthvarfi en á vettvangi OECD er mælt með að lönd setji sér slíka stefnu.

#### **Tillaga 3c). Sérstakur stuðningur.**

Kí leggur áherslu á að framhaldsskólar fá sérstakar fjárveitingar vegna nemenda í brotthvarfshættu vegna þeirra tillagna sem eru í aðgerðaáætlun um að vinna gegn brotthvarfi.

Mikilvægt er að hafa náð samstarf við skólana um forsendur fjárveitinga og skilgreiningar.

#### **Tillaga 3d). Eftirfylgni.**

Kí telur mjög mikilvægt að ráðuneytið komi á fót formlegum samstarfsvettvangi ríkis, sveitarfélaga, grunnskóla, framhaldsskóla og Vinnumálastofnunar til að samhæfa aðgerðir gegn brotthvarfi og til að tryggja yfirsýn, mat á árangri og eftirfylgni. Þetta er í samræmi við reynslu einstakra Evrópulanda af

aðgerðum á þessu sviði og ábendingum OECD um mikilvægi þess að stjórnvöld hafi forgöngu um að setja á fót miðlægan samstarfsvettvang af þessu tagi<sup>3</sup>.

### **Tillaga 3e). Velferðarþjónusta.**

Kí telur nauðsynlegt að skilgreina rétt nemenda í lögum og aðalnámskrá framhaldsskóla til sálfræðiráðgjafar og annarrar heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að framhaldsskólar hafi grunn til að standa á og tryggja fjárveitingar til að veita nemendum þessa þjónustu.

## **Fjórði kafli. Markmið 4. Auka ráðgjöf og upplýsingaflæði um námsframboð og þjónustu, fyrir nemendur og almenning.**

### **Tillaga 4a). Náms- og starfsráðgjöf.**

Samkvæmt lögum um grunnskóla og framhaldsskóla eiga nemendur rétt til að njóta náms- og starfsráðgjafar af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Kí leggur mikla áherslu á að grunnskólum og framhaldsskólum verði tryggðar fjárveitingar til að ráða fleiri náms- og starfsráðgjafa til starfa til að uppfylla lagaskyldur við nemendur. Einnig telur Kí mikilvægt að sett verði viðmið um nemendafjölda á hvert stöðugildi í ráðgjöf svo að ráðgjafar hafi raunverulegar aðstæður í starfi til að sinna náms- og starfsráðgjöf við nemendur. Einnig þarf vera fyrir hendi markviss stuðningur við símenntun og starfsþróun náms- og starfsráðgjafa, aðstaða og möguleikar þeirra til að sinna símenntun og starfsþróun.

Kí bendir á mikilvægi þess að nemendur fái ráðgjöf og stuðning snemma í grunnskóla til að vinna gegn áhættuþáttum brotthvarfs.

Tillaga um að náms- og starfsfræðsla verði á stundaskrá nemenda í grunnskóla felur í sér að ráðgjöf verði hluti af námskrá. Kí bendir á að í talsvert mörgum löndum er unnið að því að gera ráðgjöf hluta af námskrá. Í löndum þar sem ráðgjöf er hluti námskrár eru þrjár megináðferðir notaðar: ráðgjöf sem sérstök námsgrein, ráðgjöf sambætt einni eða fleiri námsgreinum (svo sem samfélagsfræði, frumkvöðlamennt eða lífsleikni), eða ráðgjöf sem þverfaglegt viðfangsefni. Þar sem ráðgjöf er hluti af námskrá er hún einkum í höndum kennara en þegar ráðgjöf er einvörðungu hluti af stoðkerfi skóla er hún í höndum fagfólks í náms- og starfsráðgjöf.<sup>4</sup>

Kí telur brýnt að nemendur í grunnskólum og í framhaldsskólum fái markvissa náms- og starfsfræðslu.

Kí bendir á að ígrunda þarf vel aðferðir við að koma náms- og starfsfræðslu fyrir í stundaskrá nemenda, sem sérstakri námsgrein, sambætt einni eða fleirum námsgreinum eða sem þverfaglegt viðfangsefni.

Einnig þarf að ígrunda vel hvort fræðslan eigi að vera í höndum kennara eða náms- og starfsráðgjafa.

Markmiðum og aðgerðum um náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur þarf að fylgja markviss stuðningur við símenntun og starfsþróun kennara og náms- og starfsráðgjafa, aðstæður og möguleikar í starfi til að sinna símenntun og starfsþróun og aðstæður í starfi til að hafa þessa fræðslu með höndum.

<sup>3</sup> Eurydice and Cedefop Report 2014: Tackling Early Leaving from Education and Training in Europe, Strategies, Policies and Measures.

[http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic\\_reports/175EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/175EN.pdf)

<sup>4</sup> Eurydice and Cedefop Report 2014: Tackling Early Leaving from Education and Training in Europe, Strategies, Policies and Measures.

[http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic\\_reports/175EN.pdf](http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/175EN.pdf)

**Tillaga 4b). Upplýsingagátt.**

Kí telur mjög mikilvægt að koma á fót upplýsingagátt um allar námsleiðir á framhalds- og háskólastigi, störf á íslenskum vinnumarkaði, og upplýsingar um framboð og fyrirkomulag náms í fjar- og dreifnámi í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum.

**Tillaga 4c). Nám við hæfi.**

Kí telur augljóst að efla þurfi kynningar í efri bekkjum grunnskóla á námsleiðum í framhaldsskóla, háskóla og störf á vinnumarkaði. Náð samstarf þarf að hafa um kynningar við sveitarfélög, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og atvinnulífið.

Tillögu um kynningar þarf að tengja við ýmsar aðrar tillögur í aðgerðaáætlun um námstíma og einnig við ýmsar tillögur í aðgerðaáætlun um starfsmenntun.

**Tillaga 4d). Fjarnám.**

Kí telur brýnt að tillögur um að nemendur í fjar- og dreifnámi njóti sömu stoðþjónustu og aðrir nemendur og um símenntun kennara í aðferðafræði og verkfærum fjarnáms, eigi við um nemendur og kennara í grunnskólum og framhaldsskólum.

Kí telur brýnt að menntamálaráðuneytið láti gera greiningu á fjar- og dreifnámi á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum, skipulagi og samhengi við viðmið aðalnámskráa skólastiganna, þjónustu við nemendur, námsframboð, námsmat, námsefni, gjaldtöku og fleira.


Kí telur brýnt að niðurstöður verði meðal annars notaðar til:

- Að skilgreina fjar- og dreifnám á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum með skipulegum hætti í samræmi við gæðaviðmið aðalnámskráa skólastiganna.
- Að setja viðmið um efni og gæði þjónustu sem nemendur í fjar- og dreifnámi á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum eiga rétt á. Hér er átt við skýr og sambærileg viðmið um þjónustu skóla við nemendur, kennslu, leiðsögn af hendi kennara og námsmat.
- Að jafna aðgang nemenda á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum að fjar- og dreifnámi, tryggja aðgang óháð búsetu og aldri og að námið verði ólögráða nemendum að kostnaðarlausu.

Kí bendir á að í skýrslum um fjar- og dreifnám frá 2007 og 2010 eru margar tillögur um styrkingu þessa náms, skilgreiningar, réttindi, skyldur og stuðningur við nemendur, samstarf skóla, gæðamál og rannsóknir, þróun og starfsþróun kennara, rafrænt upplýsinga- og skráningakerfi og kennslukerfi. Kí telur löngu tímabært að þessar tillögur verði framkvæmdar á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

  
Aðalheiður Steingrimsdóttir fulltrúi KÍ í samráðshópi